

Fundur 2. júní 2026

Kl. 17:00 á Sykurverki

Mættir: Sigurveig, Andrea og Aldís.

Mál á dagskrá:

Farsældarsáttmáli – 1. bekkur er búinn að gera sáttmála. Stefnum að fundi með bekkjarfulltrúum í haust til að koma vinnu í gang, kannski fá einhvern úr 1. bekk til að koma.

Uppbrot – öllum bekkjum boðið að fara í ísleiðangur, þó nokkrir hafa farið nú þegar. Öllum kvittunum er safnað saman og verða sendar þegar allir hafa farið.

Útisvæði og hreystibraut – svar frá Sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsuráðs: Fyrirspurn um útisvæði verður tekin fyrir á fundi nýs ráðs og hreystibrautarmál eigum við að skoða í samstarfi við skólastjóra með mögulega fjármögnun í gegnum fjárhagsáætlunarvinnu sveitarfélagsins.

Buff – búið að panta, ekki tilbúin en koma fyrir skólabyrjun.

Nýr pride fáni keyptur og afhentur skólastjóra í dag. Hún þakkar fyrir og verður honum flaggað við skólaslit. Þar sem slíkur fáni hefur áður verið keyptur (bæði af foreldrafélagi og skóla) og tvisvar verið skorin niður mun honum ekki verða flaggað í sumarfríi en settur upp aftur þegar starfsemi hefst í haust.

Staðan á reikning er 597.835 kr. Áætlum upb 150.000 kr. í ísleiðangra, pride fáninn kostaði 3.900 kr. + 1.190 kr. í sendingarkostnað = 5.090kr og 25.000 kr. í buff. Þannig að 180.090 kr. sem eftir er að greiða út og ætti þá sjóður að standa í upb 417.745 kr. sem færist þá yfir á næsta skólaár nema eitthvað komi upp á næstu dögum sem við viljum gera fyrir nemendur/skólann.

Hugmynd um að kaupa fjólubláa boli fyrir 4.-7. bekk til notkunar á Grunnskólamóti í Boganum sem haldið er á hverju ári. Bolir yrðu eign skólans og geymdir þar. Verður skoðað í haust.

Önnur mál.

- Óska þarf eftir nýju fólki í stjórn, tveir aðilar munu hætta nú í vor. Þó lögum hafi verið breytt til að hægt sé að vera með vinnuhæfa stjórn er æskilegt að það sé fulltrúi frá öllum tíu árgöngum skólans til að hafa tengilið í bekkina.
- Þar sem nægur peningur er til var ákveðið að kaupa grill og örbylgjuofna ef enn vantar og kanna með hraðsuðukönnur fyrir skólann – Sigurveig heyrir í Bryndísi hvort vanti enn og athugar þá með 2xfjögurra samloku samlokugrill og 1-2 örb.ofna og 2 hraðsuðukönnur ef vantar.

Næsti fundur ákveðinn síðar en hann verður í upphafi nýs skólaárs.

Fundi slitið kl. 18:50.